

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2022, þriðjudaginn 7. júní kl. 10:37 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1166. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Sigrún Reynisdóttir, Vífill Björnsson, Jón Hafberg Björnsson, Guðrún Ósk Hrólfsdóttir, Edda Þórsdóttir, Óskar Torfi Þorvaldsson og Erna Hrönn Geirsdóttir

Fundarritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

- Almannadalur 9** (05.865.501) 209395 Mál nr. BN060970
Hannes Þór Jónsson, Klausturhvamur 38, 220 Hafnarfjörður
Arnar Þór Jónsson, Reykjavíkurvegur 7B, 220 Hafnarfjörður
Sótt er um leyfi til að byggja hesthús, fjögur rými í einni lengju á tveimur hæðum, kaffistofa og stoðrymi á efri hæð í húsi nr. 9 á lóð nr. 9-15 við Almannadal.
Stærð: 547,2 ferm., 1.817,4 rúmm.
Erindi fylgir greinargerð hönnuða, ódagsett, greinargerð verkfræðings dags. 18. apríl 2022 og greinargerð hönnunarstjóra um ábyrgðarsvið hönnuða dags. 9. maí 2022.
Gjald kr.12.600
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
- Alþingisreitir** (01.141.1) 100886 Mál nr. BN060950
420169-3889 Alþingi, Kirkjustræti, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að stækka fimmtu hæð til austurs í nýju skrifstofuhúsi alþingis, mhl.07, við Tjarnargötu 9 á lóðinni Alþingisreitir.
Stækkun mhl. 07: 154,8 ferm., 645,7 rúmm.
Núv. stærð: 6.363,1 ferm., 25.504,4 rúmm.
Br. stærð: 6.517,9 ferm., 26.150,1 rúmm.
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 3. maí 2022, greinargerð aðgengis dags. 3. maí 2022 og skýringarmynd 5. hæðar dags. mars 2020.
Gjald kr.12.600
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

3. **Asparfell 2-12** (46.810.01) 112291 Mál nr. BN060775
670575-0479 Asparfell 2-12, húsfélag, Pósthólf 8940, 128 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að setja niður þrjár djúpgámastæður með fimm tunnnum til flokkunar í hverri stæðu fyrir sig, fyrir fjölbýlishús á lóð nr. 2-12 við Asparfell.
Djúpgámur nr. 1 er fyrir Asparfell 2-4: mhl. 10, 9,9 ferm., 28,9 rúmm.
Djúpgámur nr. 2 er fyrir Asparfell 6-8: mhl. 11, 9,9 ferm., 28,9 rúmm.
Djúpgámur nr. 3 er fyrir Asparfell 10-12: mhl. 12, 9,9 ferm., 28,9 rúmm.
Samtals: 29,7 ferm., 86,7 rúmm.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 31. maí 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 1. júní 2022.
Erindi fylgir samþykki formanns húsfélgsins í Æsufelli nr. 2-6 dags. 12. apríl 2022 og bréf hönnuðar dags. 20 apríl 2022.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til umsagnar skrifstofu umhverfisgæða.
4. **Austurbakki 2** (11.198.01) 209357 Mál nr. BN060898
630109-1080 Reginn hf., Hagasmára 1, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að breyta rýmisheiti og innra skipulagi í rými sem áður skráð var 0107 en verður 0115, og innra skipulagi rýmis 0010, í rými 0115 verði veitingarekstur í flokki II, teg. C. í mhl. 05, á lóð nr. 2 við Austurbakka.
Erindi fylgir brunahönnun frá Mannvit dags. 11. maí 2021.
Erindi fylgir skýringaruppráttur hönnuðar dags. 26. apríl 2022.
Bás 1-2, flokkur 2, teg.c, 3-4 stm.
Bás 3, flokkur 2, teg.c, 2-3 stm.
Bás 4, flokkur 2, teg.c, 3-4 stm.
Bás 5, flokkur 2, teg.c, 2-3 stm.
Bás 6, flokkur 2, teg.c, 2-3 stm.
Bás 7, flokkur 2, teg.c, 2-3 stm.
Bás 8, flokkur 2, teg.c, 2-3 stm.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Lagfæra skráningu.
5. **Álfabakki 4A** Mál nr. BN060985
501213-1870 Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að reisa dreifistöð raforku úr forsteyptum einingum, sem skal hýsa tvo spennu, 800kVA, með um 490 lítra af olíu hvor á lóð nr. 4A við Álfabakka.
Stærð: 17,3 ferm., 65,8 rúmm.
Erindi fylgir bréf hönnuðar, dags. 30. maí 2022.
Gjald kr.12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.

6. **Álfheimar 74** (14.343.01) 105290 Mál nr. BN061067
640809-0350 LF1 ehf., Sóltúni 26, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi að hluta í rými 02-0701, um er að ræða tvær skurðstofur einnar aðgerðarstofu fyrir minniháttar inngríp í húsi á lóð nr. 74 við Álfheima.
Stærð: Óbreytt
Með erindi er jafnframt erindi BN060435 dregið til baka.
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 27. maí 2022, greinargerð brunahönnuðar dags. 11. janúar 2022, afrit af viðmiðum embætti landlæknis er varðar skurðstofustarfsemi og yfirlit breytinga unnið á afriti aðaluppdráttar sem samþykktur var þann 3. desember 2011 og 11. september 2018.
Gjald kr.12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlits.
7. **Álfheimar 74** (14.343.01) 105290 Mál nr. BN061078
640809-0350 LF1 ehf., Sóltúni 26, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að koma fyrir tveimur loftræstiklefum á þaki á 4. hæð suðvesturhluta og á 7. hæð verslunar- og þjónustuhúss á lóð nr. 74 við Álfheima.
Stækkun er: 85,7 ferm., 250,5 rúmm.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
8. **Ásendi 19** (18.244.01) 108420 Mál nr. BN059821
Ingibjörg R Björnsdóttir, Ásendi 19, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir skráningartöflu vegna eignaskiptasamnings fyrir þríbýlishús á lóð nr. 19 við Ásenda.
Erindi fylgir fylgiskjal með nýjum eignanúmerum, afritum af aðaltekningum samþykktum 22. júní 1989.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.
9. **Barmahlíð 51** (17.100.23) 107138 Mál nr. BN060964
Eyvindur Kristjánsson, Barmahlíð 51, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að koma fyrir nýrri hurð, grafa frá og gera verönd við suðurhlíð íbúðar 0001 í íbúðarhúsi á lóð nr. 51 við Barmahlíð.
Erindi fylgir samþykki meðeigenda í hús á afriti af teikningu A-101 dags 7. apríl 2022.
Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á afriti aðaluppdráttar sem samþykktir voru þann 10. apríl 2001.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.

10. **Bjargargata 1** (16.313.05) 220421 Mál nr. BN060943
680515-1580 Gróska ehf., Bjargargötu 1, 102
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN051881 þannig að innra skipulagi er breytt í norðurhluta 1. hæðar og innréttuð mathöll með alls 8 veitingastöðum í flokki II tegund c fyrir alls 190 gesti, og viðburðarsal í flokki III tegund g fyrir 200 gesti, gera nýjan inngang að gasgeymslu á vesturhlið og bæta við lager og geymslu í kjallara, jafnframt er skráningartafla og brunahönnun uppfærð fyrir verslunar- og skrifstofuhúsnæði á lóð nr. 1 við Bjargargötu.
Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags 3. maí 2022, greinargerð Eflu verkfræðistofu um hljóðvist dags. 9. júní 2017, skýrsla frá Örugg verkfræðistofu um brunahönnun dags. 3. maí 2022 og yfirlit breytinga á A3 afriti af aðaluppdráttum stimpluðum á milli 2019-2021.
Gjald kr. 12.600
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
11. **Bræðraborgarstígur 38** (11.346.15) 100415 Mál nr. BN060681
Karl Helgi Gíslason, Bræðraborgarstígur 38, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að lóðarhæð og teikningar af aðkomu að kjallara og aðalinnangi hafa verið leiðréttar til samræmis við raunútlit, komið hefur verið fyrir bílastæði og opnu vagna- og hjólaskýli á lóð, gerð gönguhurð á bílskúr og gluggum breytt, einnig hefur innra skipulagi kjallara og íbúðar 0201 verið breytt og hætt við svalalokanir á svölum beggja íbúða í húsi á lóð nr. 38 við Bræðraborgarstíg.
Erindi fylgir samþykki aðliggjandi lóðarhafa með ljósmyndum dags 6. maí 2022, bréf frá hönnuði varðandi brunavarnir dags. 24. maí 2022, skýrsla um húsaskoðun dags. 24. mars 2022, mæliblað 1.134 dags. 15. október 1973, yfirlit breytinga á A3 afriti af aðalteikningum samþykktum 11. maí 1989 og ljósmyndir af útliti húss og lóð.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 31. maí 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. maí 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 1. júní 2022.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 31. maí 2022.

12. **Bugðulækur 18** (13.443.07) 104040 Mál nr. BN059978
Friðleifur E Guðmundsson, Bugðulækur 18, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja tvöfaldan staðsteyptan bílskúr á norðausturhluta lóðar með hurð og glugga út á borgarland á lóð nr. 18 við Bugðulæk.
Erindi fylgir samþykki eigenda íbúðar 0001 dags. 22. september 2021, samþykki eigenda íbúða 0001 og 0101 í Bugðulæk 20 dags. 22. september 2021 og ódagsett bréf frá hönnuði um aðkomu frá borgarlandi.
Einnig fylgir umsögn skrifstofu reksturs- og umhirðu borgarlandsins dags. 20. janúar 2022.
Stærð bílskúra: 58,2 ferm., 199,8 rúmm.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 11. febrúar 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. febrúar 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 15. febrúar 2022.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. febrúar 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. febrúar 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 21. febrúar 2022.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 31. maí 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 1. júní 2022.
Gjald kr. 12.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
13. **Bæjarflöt 19** (02.578.4) 224867 Mál nr. BN060438
620617-2880 Þvergil ehf., Hyrjarhöfða 2, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN059285, þannig að frágangi lóðar er breytt, bílastæðum er fjölgað um 5, stiga og gluggum er breytt, auk þess sem eignum er fjölgað úr 6 í 7 í húsum A og B og eignum fækkað úr 6 í eina eign og svalir færðar á húsi C og og skráningartafla uppfærð fyrir hús A, B og C á lóð nr. 19 við Bæjarflöt.
{Stækkun 29,7 ferm., 4.900,6 rúmm.
{Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 4. febrúar 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. febrúar 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 7. febrúar 2022.
Gjald kr.12.600
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
14. **Dyngjuvegur 18** (13.843.05) 104902 Mál nr. BN061051
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að reisa sex deilda leikskóla fyrir 100 börn á meðan unnið er að endurbótum núverandi mannvirkja á lóð, um er að ræða byggingu úr forsmíðuðum gámaeiningum á einni hæð með stjórnunarrými, sérkennslurými, móttökueldhúsi og stoðrymum, staðsett á núverandi bílastæði sunnan við hús á lóð nr. 18 við Dyngjuveg.
Stærð: 792,0 ferm., xx,x rúmm.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 3. júní 2022 fylgir erindi, ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 7. júní 2022.
Gjald kr.12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.

15. **Efstaleiti 19** (17.452.01) 224636 Mál nr. BN061022
Ágúst Birgisson, Miðteigur 13, 600 Akureyri
Sótt er um leyfi til að innrétta læknastofu í rými 01-0101, um er að ræða skurðeild, vöknun og almenn viðtalsherbergi, einnig er sorpgeymsla atvinnurýma minnkuð og komið fyrir loftræsiklefa fyrir starfseminu í húsi nr. 27C á lóð nr. 19 við Efstaleiti.
Stærð: Öbreytt.
Erindi fylgir samþykki eiganda rýmis 01-0105, innfært á teikningu dags. 6. maí 2022.
Gjald kr.12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
16. **Engjavegur 13** (13.920.01) 172992 Mál nr. BN060944
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja náttúru- og fræðsluhús í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum ásamt tengigangi við núverandi veitingasölu fyrir 150 gesti, í húsnaðinu verði jafnframt frístundaheimili fyrir börn í 3. - 4. bekk með sérinngangi á suðausturhlið, þrjár kennslustofur á neðri hæð, stoðrymi og skrifstofur á efri hæð, mesti fjöldi í frístundaheimili er 25, heildarfjöldi sumarstarfsmanna er 100 og mest verða 200 börn í einu í frístund í húsi á lóð nr. 13 við Engjaveg.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 19. maí 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 23. maí 2022.
Stækkun: x,x ferm., x,x rúmm.
Erindi fylgir hljóðvistargreinargerð dags. 28. mars 2022, minnisblað umsækjanda dags. 18. maí 2022 og afrit samþykktra aðaluppdráttu.
Gjald kr.12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
17. **Fornhagi 1** (15.461.02) 106502 Mál nr. BN060938
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir endurbótum á Álmu A, við Hagaskóla, matshluta nr. 01, þ.e. skipta um glugga, klæða gang, sal og salernisbyggingu, byggingin verður endureinangruð og klædd hertum steinplötum og þak endurnýjað á húsi á lóð nr. 1 við Fornhaga.
Breytingar á stærð matshluta nr.01
Núverandi skráð stærð: 3.169,0 ferm., 11.042,0 rúmm.
Breytt stærð nú: 5.054,6 ferm., 19.044,8 rúmm.
Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á afriti aðaluppdráttu.
Erindi fylgir bréf hönnuðar móttakið þann 19. maí 2022, greinargerð brunahönnuðar dags. 16. maí 2022 og skýringaruppdrættir breytinga dags. 2. maí 2022.
Erindi fylgir hljóðvistargreinargerð dags. 28. apríl 2022 og yfirlit breytinga unnið á afriti af teikningum hönnuðar, dags. 2. maí 2022.
Gjald kr.12.600
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

18. **Gnoðarvogur 68** (14.454.01) 105588 Mál nr. BN061045
620891-1349 Gnoðarvogur 68, húsfélag, Gnoðarvogi 68, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra fyrirkomulagi á öllum hæðum, gluggabreytingum á norðurhlið 4. hæðar og áður gerðum geymslukjallara undir bílskúrum við fjölbýlishús á lóð nr. 68 við Gnoðarvog.
Erindi fylgir yfirlit breytinga.
Stækkun: 58,2 ferm., 139,6 rúmm.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
19. **Grandagarður 16** (01.114.301) 100040 Mál nr. B
530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að gera glugga, nýja inngangshurð og breyta innra skipulagi þannig að hluti af rýmum 0104 og 0105 eru sameinuð í eitt rými og innréttuð vinnuástaða á upphækkuðu gólfi, starfsmannaástaða og verkstæði fyrir starfsmenn nýrrar hafnarvogar sem komið verður fyrir í gryfju við suðvesturhlið húss á lóð nr. 16 við Grandagarð.
Erindi fylgir skýringarskjal vegna skráningartöflu dags. 22. maí 2022 og yfirlit breytinga á A3 afriti af samþykktum teikningum.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Er í umsagnarferli hjá embætti skipulagsfulltrúa.
20. **Grensásvegur 14** (12.954.05) 103852 Mál nr. BN060831
480199-3089 Frikkabílar sf., Grensásvegi 14, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að innrétta snyrtistofu í suðurenda rýmis 0101 á 1. hæð í verslunar- og skrifstofuhúsi, mhl. 01, á lóð nr. 14 við Grensásveg.
Erindi fylgir samþykki húseigenda dags. 4. apríl 2022 og yfirlit breytinga á A3 afriti af aðalteikningum samþykktum 30. nóvember 2021 og aðalteikningum samþykktum 9. nóvember 1989.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Lagfæra skráningu.
21. **Grundarhús 14** (28.422.05) 109712 Mál nr. BN060955
Andrzej Lukaszewicz, Grundarhús 14, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að byggja garðskála úr timbri og gleri við vesturhlið endaraðhúss nr. 14, mhl.06, á lóð nr. 14-24 við Grundarhús.
Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.
Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa dags. 25. nóvember 2021.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 31. maí 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. maí 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 1. júní 2022.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa 31. maí 2022.

22. **Hafnarstræti 4** (11.402.04) 100829 Mál nr. BN060622
Alexander Helgi Skjöldal, Grensásvegur 12, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund a. ásamt útiveitingum fyrir norðan hús og á verönd 2. hæðar fyrir 105 gesti, breyta innra skipulagi kjallara, stækka eldhús á kostnað snyrtinga ásamt öðrum breytingum á innra skipulagi á 1.hæð, fjölga starfsmannasnyrtingum í risi úr einni í tvær, bæta við gaseldun og útsogi út úr eldhúsi á suðurhlið húss matshluta nr.02 á lóð nr. 4 við Hafnarstræti.
Stærð: Óbreytt
Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á afritið útgefinna aðaluppdráttu, samþykki eigenda dags. 25. apríl 2022 og greinargerð brunahönnuðar dags. 24. febrúar 2022.
Erindi fylgir skýrsla húsaskoðunar dags. 1. júní 2022 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 30. maí 2022.
Gjald kr.12.600
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
23. **Hagamelur 34** (15.403.17) 106310 Mál nr. BN060074
Ólöf Kristjánsdóttir, Hagamelur 34, 107 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir að breyta erindi BN058068, þannig að málsetningar eru uppfærðar og skráning og skráningartafla leiðrétt, vegna eignaskiptayfirlýsingar húss á lóð nr. 34 við Hagamel.
Stærð er: Kanna þegar yfirlit breytinga berst vegna milligólfs.
Gjald kr.12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.
24. **Hagamelur 36** (15.403.16) 106309 Mál nr. BN060075
Aðalheiður Jónsdóttir, Hagamelur 36, 107 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir að breyta erindi BN058075, þannig að málsetningar eru uppfærðar og skráning og skráningartafla leiðrétt, vegna eignaskiptayfirlýsingarhúss á lóð nr. 36 við Hagamel.
Stærð er leiðrétt með skráningartöflu.
Gjald kr.12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.
25. **Hólmgarður 8** (18.182.04) 108192 Mál nr. BN061086
470115-1140 Hækkun ehf., Klettási 19, 210 Garðabær
Hafsteinn Bergmann Gunnarsson, Hólmgarður 8, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN055763 þannig gólf sameiginlegs þvottahúss er hækkað og skipt í tvo séreignarhluti, einnig er herbergjaskipan og innra skipulagi breytt þannig að eldhús er fært í alrými og í staðinn bætt við herbergi, baðherbergi er stækkað og í stað svefnherbergja verður sjónvarpsstofa í risi íbúðar 0201 í húsi á lóð nr. 8 við Hólmgarð.
Erindi fylgir yfirlit breytinga á A3 afriti af aðalteikningum smþykktum 12. mars 2019.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.

26. **Hringbraut 121** (15.202.02) 105922 Mál nr. BN061064
510497-2799 Félagsbústaðir hf., Pönglabakka 4, 109 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta fyrirkomulagi innanhúss, stækka snyrtingar íbúða, innrétta rými fyrir starfsmenn, gera hjólageymslu á 1. hæð og innrétta tómsundaherbergi fyrir íbúa fjölbýlishúss sem er mhl. 02 á lóð nr. 121 við Hringbraut.
Gjald kr. 12.600
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
27. **Hringbraut Landsp.** (01.198.901) 102752 Mál nr. BN061062
500810-0410 Nýr Landspítali ohf., Skúlagötu 21, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að reisa steinsteypt 8 hæða bílastæða- og tækniús, þar af þrjár neðanjarðar, fyrir 510 bíla og 199 hjólastæði við Burknagötu nr. 30 sem verður mhl. 52 á lóð Landsspítalans við Hringbraut.
Stærð, A-rými: 19.004.5 ferm., 60.168,4 rúmm.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
28. **Hrísateigur 15** (13.601.10) 104512 Mál nr. BN059941
Þórir Jósef Einarsson, Hrísateigur 15, 105 Reykjavík
Unnur Ragnarsdóttir, Hrísateigur 15, 105 Reykjavík
Þórir J. Einarsson ehf., Hrísateigi 15, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að stækka stofur allra íbúða til suðurs, lengja svalir á 1. og 2. hæð að nýbyggingu, einangra að utan og klæða með bárujárnri íbúðarhús nr. 15 við Hrísateig.
Stækkun: 40.3 ferm., 158.1 rúmm.
Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 6. desember 2005.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 10. desember 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. nóvember 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 13. desember 2021.
Gjald kr. 12.100
Synjað.
Með vísan í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. desember 2021.

29. **Hrísateigur 25** (13.461.09) 104078 Mál nr. BN060878
Karl Svavar Guðmundsson, Hrísateigur 25, 105 Reykjavík
Alexandra Þórisdóttir, Hrísateigur 25, 105 Reykjavík
460921-1470 Márhús ehf., Brekastíg 16, 900 Vestmannaeyjar
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem í felast í að innra skipulagi er breytt, stigagati er lokað og eldhús fært til á efri hæð, jafnframt er sótt um leyfi fyrir breytingum á innra skipulagi neðri hæðar, breytingar á eignarhaldi þvottahúss og stigi milli hæða er fjarlægður, svalir efri hæðar eru stækkaðar og bætt er við inngangshurð inn í inntaksrými neðri hæðar á norðausturhlíð húss á lóð nr. 25 við Hrísateig.
Stærð: Óbreytt
Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á afriti aðaluppdráttá útgefnir þann 29. október 1943.
Áðurgerðar framkvæmdir: Br. á innra skipulagi e.h. og bætt við glugga í bílskúr.
Erindi fylgir skýrsla húsaskoðunar dags. 1. júní 2022.
Gjald kr.12.600
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar. Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Skilyrt er að eignaskiptayfirlýsingu vegna breytinga í húsinu sé þinglýst til þess að samþykktin öðlist gildi. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
30. **Hvassaleiti 24-26** (17.222.02) 107292 Mál nr. BN060897
Ólöf Þrándardóttir, Hvassaleiti 24, 103 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að flytja eldhús og sameina stofu, fjarlægja burðarveggi, breyta núverandi eldhúsi í herbergi í íbúð 01- 0102 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 24 við Hvassaleiti.
Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 14. maí 2022 og umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 13. maí 2022.
Gjald kr. 12.600
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
31. **Hverfisgata 82** (11.730.13) 101503 Mál nr. BN061057
María Thi Le, Hvammssgerði 12, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að innrétta snyrtistofu í rými 0102 í verslunar- og íbúðarhúsi á lóð nr. 82 við Hverfisgötu.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.

32. **Járnháls 2-4** (04.323.303) 111038 Mál nr. BN051760
561109-0440 LF11 ehf., Álfheimum 74, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum, kjallari hefur verið stækkaður og elsti hluti kjallara dýpkaður ásamt því að innra skipulagi hefur verið breytt og byggð ný milliloft í iðnaðarhúsi á lóð nr. 2-4 við Járnháls.
Erindi fylgir samkomulag um tímabundna opnun yfir lóðamörk dags. 11. nóvember 2021, bréf hönnuðar dags. 18. nóvember 2021 og yfirlit breytinga.
Stækkun: 706,8 ferm., 1.557,3 rúmm.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Umsækjandi óski eftir húsaskoðun hjá embætti byggingarfulltrúa.
33. **Jónsgeisli 21** (41.135.06) 189830 Mál nr. BN060558
Guðmundur P Haraldsson, Jónsgeisli 21, 113 Reykjavík
Sara Margareta Fuxén, Jónsgeisli 21, 113 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að stækka svalir til austurs og innbyggða bílgeymslunum 1.5 metra til suðurs í einbýlishúsi á lóð nr.21 við Jónsgeisla.
Stækkun: 7.1 ferm., og 35.9 rúmm.
Erindi fylgir mæliblað bréf hönnuðar um leiðréttta staðsetningu húss dags. 4. apríl 2022, 4.113.5 dags. 13. janúar 2011, hæðablað 4.113.5 dags. 6. mars 2001, A3 afrit af aðaluppdráttum samþykktum 2. október 2001 og yfirlit breytinga á afriti af nýjum aðalteikningum dags. 20. janúar 2022.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 11. mars 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. mars 2022. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 14. mars 2022 og bréf hönnuðar dags. 4. apríl 2022.
Erindi fylgir staðfesting landupplýsinga vegna staðsetningar á mannvirki í mæliblaði dags. 27. apríl 2022.
Gjald kr. 12.600
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
34. **Kleifarsel 26-28** (49.634.02) 113093 Mál nr. BN061068
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að endurbyggja vegna bruna, "Hús 4" sem er í mhl. 01 í Seljaskóla á lóð nr. 28 við Kleifarsel.
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 27. maí 2022 og brunahönnun frá Lotu dags. 24. nóvember 2021.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Lagfæra skráningu.

35. **Kringlan 4-12** (17.210.01) 107287 Mál nr. BN061079
530117-0650 Reitir - verslun ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060035, svæði fyrir rafíþróttir er fellt út, veitingastöðum fjölgað ásamt ýmsum breytingum á innra skipulagi í bakrýmum veitingastaða í verslunarmiðstöð á lóð nr. 4-12 við Kringluna.
Erindi fylgir yfirlit breytinga.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
36. **Krókháls 6** (43.240.02) 111041 Mál nr. BN061074
671021-1850 MA3 ehf., Háholti 14, 270 Mosfellsbær
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN057705 þannig að rými 0201, 0202, 0203 og 0204 eru sameinuð í eina rekstrareiningu 0201 og innréttað sem skrifstofur fyrir 25 starfsmenn á 2. hæð í þriggja hæða iðnaðar- og skrifstofuhúss á lóð nr. 6 við Krókháls.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
37. **Kvisthagi 5** (15.433.10) 106448 Mál nr. BN061072
Bergur Þórisson, Kvisthagi 5, 107 Reykjavík
Laufey Kristinsdóttir, Kvisthagi 5, 107 Reykjavík
Þráinn Eggertsson, Kvisthagi 5, 107 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að norðvestursvölum hefur verið lokað og breytt í geymslu og suðvestursvölum lokað og breytt í herbergi í íbúð 0201 á 2. hæð í íbúðarhúsi á lóð nr. 5 við Kvisthaga.
Stækkun: xx.x ferm., xx.x rúmm.
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 25. maí 2022 og yfirlit breytinga á aðaltekningu samþykkttri 11. maí 1950.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.
38. **Köllunarklettsvegur 1** (13.2--98) 103868 Mál nr. BN059798
501218-1460 Hafnagarður ehf., Vallakór 4, 203 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að sameina mhl. 01 og 02 í mhl. 02, byggja tvær hæðir ofaná, byggja flóttastiga við báða gafla og breyta innra skipulagi í húsi á lóð nr. 1 við Köllunarklettsveg.
Stækkun: 862,2 ferm., 3.405,1 rúmm.
Eftir stækkun, mhl. 02: 3.548,2 ferm., 14.728,1 rúmm.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 15. september 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. september 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 15. september 2021.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.

39. **Langirimi 21-23** (25.468.03) 175689 Mál nr. BN061085
561299-4129 Columbus Classis ehf., Ægisíðu 70, 107 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058908 m.s.br. vegna lokaúttektar, þ.e. ný hurð milli rýma 0106 og 0107 og hurð snyrtingar færð í rými 0108 í húsi nr. 23 á lóð nr. 21-23 við Langarima.
Stærð: Óbreytt
Gjald kr.12.600

Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
40. **Laugarnesvegur 75** (13.452.04) 104048 Mál nr. BN060931
Anna Birna Guðlaugsdóttir, Laugarnesvegur 75, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja eina hæð ofan á núverandi hús og byggja yfir núverandi tröppur við aðalinngang á húsi á lóð nr. 75 við Laugarnesveg.
Stærð: xx,x ferm., xx,x rúmm.
Erindi fylgir varmatapsútreikningar hönnuðar dags. 26. apríl 2022.
Gjald kr.12.600
Frestað.
Uppfærðum uppdráttum vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
41. **Laugavegur 20B** (11.715.04) 101420 Mál nr. BN060953
541021-0430 Epicurious ehf., Bollagörðum 107, 170 Seltjarnarnes
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN060431 þannig að innra skipulag á snyrtingum breytist lítillega, ræsting er færð og texti byggingarlýsingar og brunahönnunar er uppfærður fyrir vinnbar, veitingastað í flokki II, tegund f, fyrir alls 80 gesti í rými 0201 á efri hæð í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 20B við Laugaveg.
Erindi fylgir greinargerð um brunahönnun frá Öruggr verkfræðistofu dags. 5. febrúar 2022, greinargerð hönnunarstjóra dags 27. apríl 2022 og yfirlit breytinga á aðaluppdrætti dags. 17. febrúar 2022.
Gjald kr. 12.600.
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
42. **Logafold 35** (28.756.03) 110402 Mál nr. BN060980
Gísli Örn Bjarnhéðinsson, Logafold 35, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að gera geymslu austan við bílgeymslu, gera arinn, breyta hurða- og gluggasetningu lítillega og klæða að utan með málmklæðningu og trefjasementsplötum, einbýlishús á lóð nr. 35 við Logafold.
Stækkun: 32.4 ferm., 78.3 rúmm.
